



## Samþykkiseyðublað vegna myndatöku, myndbandsupptöku og birtingar myndefnis af börnum í Ártúnsskóla, grunnskóladeild.

nafn \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_,

sem fer með forsjá barnsins

nafn \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_,

Af og til tókum við myndir og myndskreið af nemendum okkar. Við notum myndefnið til að veita foreldrum\* og nemendum innsýn í þá starfsemi sem fer fram hjá okkur, auk þess sem alkunna er að góðar og skemmtilegar myndir gleðja. Við vistum allt myndefni í ljósmyndabanka okkar. Að jafnaði er myndefnið birt á vefsíðu okkar og á öðrum opinberum vettvangi á vegum okkar. Myndefnið kann einnig að vera birt í útgefnu kynningarefni um okkur, í fréttabréfum og í skólanámskrá. Bekkjarmyndir eru gefnar út með nafngreiningu allra nemenda og tilgreiningu á bekk hverju sinni. Foreldrum stendur til boða að kaupa eintak af bekkjarmyndum barna sinna.

Fjölmiðlar koma einstaka sinnum til okkar við hin ýmsu tilefni og taka myndir og myndbönd. Slíkar heimsóknir eru ávalt háðar leyfi frá stjórnendum en nemendur kunna að vera í myndefni sem birtist í fjölmiðlum.

Til að uppfylla skyldu okkar skv. lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga þurfum við að afla samþykkis foreldra áður en við tókum og birtum myndir og myndskreið af nemendum. Við biðjum þig vinsamlegast um að svara neðangreinum lista, undirrita skjalið og skila til okkar.

1. Heimilt er að taka myndir og myndskreið af barninu í daglegu starfi skólans	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
2. Heimilt er að birta myndefni af barninu á vefsíðu skólans	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
3. Heimilt er að birta myndefni af barninu í útgefnu kynningarefni á vegum skólans	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
4. Heimilt er að nota myndefni til að upplýsa foreldra um skólastarfið <i>Fréttabréfum og skólanámskrám er jafnan dreift á foreldra allra barna í sama bekk, árgangi og/eða skólanum</i>	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
5. Heimilt er að birta myndefni af barninu á veggjum skólans	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
6. Heimilt er að skólinn, eða aðili á hans vegum, taki bekkjarmyndir af barninu?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
7. Heimilt er að birta myndefni af barninu í fjölmiðlum	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
<b>Heimilar þú allt ofangreint</b>	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei

\*Foreldrar teljast þeir sem fara með forsjá barns

## Skilyrði fyrir myndatöku, myndbandsupptöku og birtingu myndefnis

1. Við erum ábyrgðaraðili vinnslunnar og munum fylgja gildandi lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga við meðferð myndefnis.
2. Við munum ekki nota myndefni af barni eftir að það hættir skólagöngu sinni hjá okkur. Að skólagöngu lokinni er myndefni afhent Borgarskjalasafni til varðveislu í samræmi við lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.
3. Við munum ekki tilgreina nafn eða aðrar upplýsingar um þá sem birtast í myndefni þegar við notum myndefnið, hvorki á samfélagsmiðlum, heimasíðu eða í kynningarefni sem við gefum út nema þegar um sérstakar aðstæður er að ræða. Sem dæmi þá kunnum við að birta nafn við mynd ef barnið hefur unnið til sérstakra verðlauna.
4. Starfsfólk okkar hefur ekki heimild til að taka myndir eða myndskleið af nemendum á tæki í einkaeigu.
5. Um allar myndatökur, myndbandsupptökur og myndbirtingar gildir að gæta ber varúðar, nærgætni og siðgæðis. Börn munu aldrei vera sýnd á ögrandi, niðrandi eða óviðeigandi hátt, t.d. þannig að þau séu vansæl, í vandræðalegum aðstæðum eða klæðalítill.
6. Þú getur hvenær sem er afturkallað samþykki sem þegar hefur verið veitt. Afturköllun samþykkis hefur ekki áhrif á lögmæti þeirrar myndatöku og myndbirtingu sem fram hefur farið fram að þeim tíma. Ef samþykki hefur ekki verið afturkallað gildir það á meðan viðkomandi barn er skráð í skólann. Hægt er að afturkalla eða breyta samþykki með því að fylla aftur út þetta eyðublað.

Þær upplýsingar sem þú veitir okkur hér verða geymdar á öruggum stað og ekki notaðar í neinum öðrum tilgangi en til að staðfesta að þú hafir veitt samþykki þitt.

Ég staðfesti að ég hef kynnt mér efni þetta og veiti samþykki mitt fyrir því að teknar verði myndir og myndskleið af barni mínu í samræmi við listann hér að framan.

Reykjavík, .....

---

---

Undirskrift foreldra